

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, 1905.

NR. 10.

Út.

Út, út í loftið alt heiðríkt og hreint,
í heilnæma víddina byggingarlausa,
hvar grundirnar hafa sitt gróðrarmagn reynt,
og grásvörtu regnskýin vatninu ausa.
Burt, burt, því öllu því innbygðað er meint. —
út, út og burt héðan, hvað sem þeir rausa.

Hvert útsýnis nálgat er negld yfir fjöl,
og nóg er af leirnum og forinni hlaðið,
svo skyggi á sólrís og sólseturs dvöl
og sumarsins ljósgárað ároðavaðið.
Þín aðkrepta hugmynd er ásýndarföl,
og eins og hún reikandi geti' ekki staðið.


En náttúran sjálfboðin svölun þér ber,
ef segir þú skilið við loftvöndu bólin.
Svo kom út, hvar blærin og bjartsýnið er,
og brosandí frelsið þar réttir þér stólinn.
Og rýmkaðu' um hugann og hjartað í þér,
því hér ertu frjáls eins og vormorgunsólin.

Lát vindinn og sólskinið kember þinn koll
og kyssa þig döggvotu laufin á enni.
Þá finnurðu' að móðir þín, hjúkrandi' og holl,
er heilbrigðust allra. — Svo ver þú með henni.
Og þvo þig í straumnum, ei stöðnuðum poll,
og strjúktu' af þér ryklagið, eins þó að fenni.

KRISTINN STEFÁNSSON.

Unitaraskirkjan í Winnipeg.

Eins og getið var um í íslensku blöðunum hér í haust, þá var hin nýja kirkja Unitarasafnaðarins íslenska í Winnipeg vígð sunnudaginn þann 15. okt. að viðstöddu miklu fjölmenni og gestum víðsvegar að. Vígsluræðuna flutti Rev. Franklin C. Southworth, forseti Meadville prestaskólans í Pennsylvania. Auk hans fluttu þessir menn ræður við það tækifæri: Séra Magn. J. Skaftason, fyrrum prestur þessa safnaðar, séra J. P. Sólmundsson, er einnig var þjónandi prestur kirkjunnar í eitt ár (1902—3), Rev. F. H. M. Ross, Hon. Skafti B. Brynjólfsson, og herra B. L. Baldwinson M. P. P.



Hin nývígða kirkja íslenska Unitarasafnaðarins í Winnipeg.

Vígsluathöfnin fór fram kl. 3 um daginn. En um kvöldið hélt söfnuðurinn hinum aðkomnu gestum samsæti í fundarsal kirkjunnar, og stóð það yfir langt fram á nótt.

Um það er kirkjan var vígð, var rétt ár liðið frá því að byrjað var á smíði.

Fram að þeim tíra hafði söfnuðurinn haldið samkomur sínar og guðsþjónustur í húsi, er byggt var haustið 1892 og stóð á horninu á Nena og Pacific strætum norður í bænum. Húsi því var komið upp undir forstöðu séra Björns heitins Péturssonar og konu hans, Jennie E. Pétursson, er fyrst stofnuðu þennan söfnuð.

Það var fyrst nokkru fyrir 1890 að byrjað var á unitarisku trúboði hér meðal Íslendinga, og var séra Björn heitiinn aðalforögngumaður þess. Hann hafði flutt snemma hingað vestur og var annar aðalstuðningsmaðnr þess, að Dakota byggð Íslendinga hófst. Hann var þá hniginn að aldri, er hann kom hingað vestur, en ungur og frjálst í anda.

Í umstangi því, er nýlendulífið hafði í för með sér, tókst hann á hendur fjölda margar ferðir til ýmissa staða, og meðal annars fór hann alloft til borganna Minneapolis og St. Paul. Þar komst hann í kynni við skáldið Kristofer Jansen, er þá hafði á hendi trúboð unitarískt meðal Norðmanna í Minnesota. Árið 1887 birtust tvær ritgjörðir af ræðum Kristofers Jansens í Íslenzkri þýðingu eftir Björn Pétursson.

Rit þessi voru „Mótsagnir Orþodoxíunnar“ og „Guð Gyðinga og guð kristinna manna.“ Árið 1889 gaf hann enn út einn bækling, „Um þrenningarlærdóminn“, þýddan úr ritum Krist. Jansens, og tveim árum síðar sunnudagsskólabók Dr. Savage, „Katekismus Unitara“. En svo fór að fækka um ritgjörðir hans, enda fór þá tíminn að styttest fyrir honum, því eftir langvarandi sjúkdóm andaðist hann að áliðnu sumri 1893. Lík hans var flutt til N. Dak. og hann jarðsettur þar að Mountain. Þar syðra voru flestir ættingjar hans, og þar bar honum að bera beinin, í skauti þeirrar byggðar, er hann var einn aðal frumherji að— í skauti þeirrar fegurstu byggðar, er Íslendingar eiga hér fyrir vestan haf. Þar var og líka gott að vera— þar var frjálst.

Hann var jarðsunginn af tveimur prestum lúterska kyrkjufélagsins. En það var að eins lík hans, sem var lagst til moldar. Starf hans mun lifa margan í hel, er nú ber hátt höfuð.

Það var dapur dagur fyrir Unitara í Winnipeg, þótt í fundargerðabók safnaðarins frá þeim tíma geti þeir hvergi um lát

prestsins síns og mannsins, er þeir áttu mest að þakka, að félagsskapur þeirra varð til. En þessa yfirsjón hafa þeir margbætt upp síðan. Og eitt er víst, að svo lengi sem frjáls trúarhreyfing á sér stað hér í bæ meðal Íslendinga, mun Björns Péturssonar getið sem hins fyrsta og fremsta þeirrar hreyfingar.

Unitarasöfnuðurinn íslenzki myndaðist 1. febrúar 1891. — Framan af voru messur fluttar á Assiniboine Hall. Það var fyrst á fundi, er haldinn var 5. nóv. 1893, að rætt var og áformað að reisa kyrkju. Til þess fyrirtækis hafði safnað verið meðal Unitara í Bandaríkjunum rúmum \$ 1,000. Kyrkjan var smíðuð það sama haust og fullgjörð og afhent söfnuðinum á jóladaginn 1893 að aflokinni messu.

Í kyrkju þessari hélt söfnuðurinn alla sína fundi og samkomur í rúm tfu ár, unz hún var seld vorið 1904, og hin nýja kyrkja byggð. Sú nýbreytni varð á, við það sem Íslendingar höfðu áður vanist, að frá því að kyrkjan var byggð, var hún léd fyrir hver þau fundarhöld og samkvæmi, er Íslendingar þörfuðust. Álitu Unitarar að húsið þyrfti einukis í að missa við það, né trú þeirra að líða þar við, með því að átrúnaður þeirra var í engu festur á húsinu. En fólki, sem vanist hafði kyrkjudyrkun, þótti þetta í fyrstu vansæmandi, og ekki leið á löngu, áður en farið var almennt að nefna húsið „Hall“, og hélzt það nafn við fram til þess síðasta.

En svo var vanalegt að uppnefna fleiri hús, og fóru hinar kyrkjurnar íslenzku ekki vátthluta af því.

Nú í seinni tíð hefir sámt þessi heimiska horfið, og eru nú allar íslenzku kyrkjurnar í bænum notaðar fyrir ýmislega mannfundi, án þess að það valdi nokkrum umyrðum. Enda eru aldræi þar nokkrir samkomnir, sem ekki eru boðnir og velkomnir að vera viðstaddir guðsþjónustur o. fl. á helgum dögum.

Um mörg ár var gamla kyrkjan einhver sögulegasti staðurinn meðal Íslendinga í bænum. Þar voru fundir haldnir um flest þau mál, er fólk lét sig varða. Þar voru flestir íslenzkir sjónleikir sýndir, og mátti heita, að þar væri aðal leikhús ísl. hluta bæjarins. Þar var haldið fagnaðarsamsæti Þorsteini skáldi Erlingssyni sumarið 1896, og þar var þá um vorið haldinn fyrsti

fundur í Íslendingadagsmálinu, er varð að svo miklu deilumáli eftir á, eins og menn rekur minni til.

Eftir lát síra Björns Péturssonar um haustið '93 hélt ekkja hans, Mrs. J. E. Pétursson, áfram starfi hans með tilhjálp Jóns ritstj. Ólafssonar og séra Magnúsar J. Skaftasonar, er þá var á Gimli. En í júní 1894 kveður hún félagsfólk sitt og hverfur aftur til átt Haga sinna í Austur-Bandaríkjunni. Var þá söfnuðurinn prestlaus eftir þar til í júlí sama ár, að séra Magnús J. Skaftason tók við og flutti hingað alfarinn.

Eins og fæstum mun úr minni liðið, þá byrjaði séra Magn. prestsþjónustu hér vestra sem embættismaður kyrkjufélagsins lúterska. En hann er maður hreinskilinn og á ervitt með að tala eða kenna sér þvert um huga, og eftir að hingað kom og honum gafst kostur á að kynna sér skoðanir manna, og hann sjálfur fór að ihuga nokkuð gjör trúaratriðin gömlu; komst hann brátt að því, að hann væri alls ekki samhljóða hinum forna Lútersdóm. Og svo sagði hann safnaðarmönnum sínum frá því einn dag snemma sumars og laust þá öllu í bjart bál um endilangt Ný-Ísland. Við það tækifæri flutti hann ræðu móti innblásturs og útskúfunar kenningunni. Kyrkjufélagsmenn urðu upp til handa og fóta og brátt kom upp kurr mikiill í herbúðum þeirra, og var ekki trútt um, að nokkrir æpti eins og kona Phineasar, „Ikabod! Ikabod! farinn er heiðurinn frá Israel!—vegna síns tengdaföður og vegna síns manns.“ „Því drottinn sagði til Sámúels: Sjá, eg mun gjöra það í Israel, sem mun kveða við í eyrum hvers sem það heyrir.“ Og það varð.

Örfá vitni þeirra tíma eru „Norðurför Þangbrands“, saga er kom í Heimskr., og fylgiritið „Höfuðpresturinn í Israel.“—Hið fyrra skrifað að norðan, það síðara sunnan frá Dakota.

Um þetta leyti byrjaði séra Magnús á útgáfu tímarits, máli sínu til styrktar, og nefndist það „Dagsbrún“. Var það gefið út á Gimli, unz hann fluttist hingað til bæjarins, og var ritið þá flutt með. Það hélt áfram til ársloka 1896.

Séra Magnús þjónaði þessum söfnuði hér, þar til sumarið 1899, að hann flutti úr bænum. Hefir hann dvalið ýmist sunnan eða norðan landamæranna síðan.

Var þá uppihald um stund á prestþjónustu Unitara, og messað að eins endrum og eins, og lítið hluta á sumrin 1900—1901. Um miðsumarsleytið 1902 tók séra J. P. Sólmundsson við söfnuðinum og var hér árlangt, fram að þeim tíma að sá, er þetta skrifar, settist hér að.

Eins og sjá má á þessu stutta yfirliti hefir félagsskapur þessi haft við nóga erviðleika að stríða, og eru þó fæstir þeirra taldir hér. En til þessa dags hefir hann lifað, og hér eftir mun hann lifa. Hann hefir og átt marga góða styrktarmenn, er oflangt yrði hér upp að telja. Nokkrir þeirra, er aðallega báru þessi mál á herðum sér yfir öll byrjunar árin—langerviðasta tímabilið—, eru nú dánir og burtfluttir. Meðal þeirra látnu er fyrst og síðast að geta herra Eiríks Gíslasonar. Allt of lítið hefir verið getið starfsemi og hæfilegleika þess manns, og hafa þó margir fundið til skarðs þess, er í var höggvið vina og trúmensku hópin við fráfall hans. Og að þessu sinni látum vér biða að minnst hans nákvæmar — í þeirri von, að á sínum tíma geti Heimir flutt nákvæmari sögu yfir frjálstrúarhreyfinguna hér vestra. Að svo stöddu eru ekki nóg gögn fyrir hendi til þess.

Hin nýja kyrkja safnaðarins var bygd veturinn 1904—5. Um haustið 1904 var fyrst byrjað á verki við hana og smíðinni lokið síðastliðið vor. Umsjón yfir smíði fyrir safnaðarins hönd og eftirlit með að öllum fyrirmælum væri fylgt, er uppdrátturinn ákvað, hafði Friðrik málari Sveinsson. Hann samdi og alla uppdrætti að húsinu. Herra Fr. Sveinsson er einn þeirra allra fyrstu, er gengust fyrir því að Unitarasöfnuðurinn myndaðist, og frá þeim tíma hefir enginn látið sér annara um hag þess félags en hann. En svo er hann áhugamaður fyrir öllum félagsmálum. Hann er einn þeirra alt of fáu Íslendinga, er ekki tortryggja alla menn og öll samtök í félags átt.

Kyrkjan er bygd í grískum stíl, eins og myndin ber með sér. Við framstafn eru súlnaraðir að framan, eins og á hinum gömlu musterum til forna. Gluggarnir eru allir úr skrautgleri, og voru þeir samansettir eftir sérstökum uppdrætti, er Friðrik bjó til, og undir umsjón hans.

Kyrkjan rúmar um 300 manns, og undir henni er fundar-

salur af sömu stærð. Alls er húsið 30 feta hátt á hlið. Fundar-salurinn er 12 fet á hæð, en kyrkjan sjálf 18. Að ummáli er húsið 36 x 56.

Það var ekki fyr en nokkru eftir að vígslan fór fram, að bekkir voru settir í kyrkjuna, og var það hið síðasta, er þurfti til hennar, svo hún yrði fullgjör. Kyrkjueignin með öllu tilheyr-andi hefir kostað um \$ 13,000. Af þeirri upphæð skuldar söfn-uðurinn ennþá lánfélagi hér í bænum \$ 4,500 og um \$ 300 upp í sætin. Skuld þessi getur ekki talist mikil, né mun hún verða tilfinnanleg í framtíðinni, með því að lofordum hefir verið safn-að fyrir stórum hluta hennar, og allar líkur til, að fyrir afgang-inum fáist rentulaust lán, er borgast eigi á tíu ára fresti.

Með kyrkjusmíðinni, eins og hagur safnaðarins horfir nú, hafa Íslenzkir Unitarar tryggt málum sínum framtíð og gengi meðal annara trúarflokka hér í þessum bæ fyrir alla komandi tíma. Þeir hafa vaxið að áleti og virðingu meðal bæjarbúa, og spursmálslaust eiga eftir að útbreiðast og verða einhver áhrifa-mesti liðurinn í framtíðarsögu Íslendinga hér fyrir vestan haf.



Uppruni Gamla testamentisins.

Það eru orðin mörg ár síðan fyrst var farið að veita eftir-tekkt trúarbragðasögnum austurlandaþjóðanna fornu og bera þær saman við fornsögur hebresku þjóðarinnar. Frá því bók Geo. A. Smiths kom út 1872 um hinn kaldeiska uppruna Genesis bókarinnar alt til þessara tíma, hefir biblurannsóknnum verið haldið áfram og menn orðið meir og meir sannfærðir um sam-eiginlegan uppruna trúarbragða flestra hinna semitisku þjóða. Það hefir verið reynt að halda hlífiskildi yfir G. t. og setja það upp yfir öll önnur samskoðar rit sem guðdómlegra og af æðri röt runnið en aðrar bækur, en flestar þær tilraunir hafa mislukk-

ast, enda verið bygðar á lausu lofti og heimspekilegum hártogunum— miður traustum og varanlegum grundvelli.

Síðan veturinn 1902—3, er Dr. Delitzsch kennari við Berlínar háskólann hélt sína frægu fyrirlestra um „Babyloniskan uppruna trúarbragða Israels“ í keisarahöllinni í Berlín, hafa sem næst engir dregið nokkurn efa á, að austurlandafornfræðin sé búin að ráða þá gátu, hvernig G. t. sé til orðið.

Dr. Delitzsch sýndi fram á þar, að trúarbrögð Israelsmanna væri hvorki einstök í sinni röð né orðin sérstaklega til fyrir guðlega opinberan, heldur eins og leturspjöld Babýloníumanna bæri með sér, væri samantekin og mynduð eftir þjóðtrú Babýlonar.— Um það urðu um tíma dálítið snarpar deilur, og hefir nú nýlega Dr. E. Sellin við háskólann í Vínarborg yfirfarið það að nýju og bent á, hver niðurstaðan hafi orðið, er almennt sé viðtekin. Dr. Sellin hefir um nokkur ár haft á hendi fornleifarannsóknir í Palestínu undir umsjón Austurríkisstjórnarinnar og Vínarháskólans, og má því treysta því, að hann fari ekki með eintóman hégóma í þessu máli, og enn fremur gefi ekki meira eftir við þá, sem taldir eru biblíubríótar, en það, sem ekki verður hjá komist, með því hann er einn íhaldssamasti guðfræðingur Vínarháskólans. Honum farast orð á þessa leið:

„Sú var tíð, að Egyptalandsfræðingar leituðu að uppruna trúarbragða Israelsmanna í bókmenntaleifum og siðmenningu Forn Egypta. En það er nú almennt viðurkennt, að öll sú leit hafi til einskis verið, og Israelsmenn fát tekid eftir Egyptum vegna haturs þess, sem jafnan ríkti milli þessara þjóða.

Alt öðru máli er að gegna strax og leitinni er snúið til Níneve og Babýlon. Þar finnast trúarbragðakenningar þjóðar, sem bæði er náskyld hebresku þjóðinni og sem hún hafði mjög snemma á tíma nánar sangöngur við. Og í sannleika, skyldleiki þessi kemur í ljós í hinum fyrstu bókmentatilraunum þessara þjóða. Það leynir sér fyrir engum, að það er mjög náid samband milli bókmenta Babýlonar og Israels.

Í Babýloniskum bókum finnast frásögurnar um sköpunina, flóðið og turninn Babel. Þær sagnir hafa að eins getað myndast í Babýlon. Og það er vafalaust, að tala biblíupatríarkanna

tíu frá Adam til Nóa er engin önnur en tala fornkonunga Babýlonar.

En á hvað bendir svo þetta? Það að *minsta kosti*, að frásagnir beggja þjóðanna eru af *einum og sama* lopa spunnar. En svo er þess að minnst, að þegar farið er nákvæmlega að athuga, í hvaða anda sögurnar eru sagðar, þá liggur það strax í framsetningi sagnanna, að trúarlíf Israelsmanna er æðra og göfugra en hinna. Fjölgýði Babýloníumanna er ekkert annað en goðgervisfærsla á öflum náttúrunnar.

Alveg það sama má segja um löggjöf beggja þjóðanna, sem er af sameiginlegri rót runnin. Hinn þýðingarmikli Hammurabi fundur á lagatöflum Babýlonar sýnir, að á dögum Abrahams voru þegar lög í Babýlon söm og jöfn lögum Mósesar. Fundur þessi sýnir ótvíráðlega, að stór hluti Mósesarlaga voru ekki ný og alls óheyrð lög meðal Israelsmanna né uppfundin fyrst af löggjafanum sjálfum. Móses notaði forna lagastafi þjóðar sinnar og Midianita, en fyllti þá ferskri þýðingu og blés þar í nýjum anda, anda mannúðar og mannlýndis,—anda guðs skulum vér segja—, er skattskyldi allar hugsanir sálarinnar og ytri breytni manna undir lögmál hins eilífa guðs. Lagaákvæði sem þau frá sjötta til tíunda boðorðsins geta naumast mist sig úr lagasmíðum nokkurrar siðaðrar þjóðar. Enda finnast þau hvarvetna. Og lögin um sabbatshelgina mega vel vera upprunnin frá Aröbum eða Babýlon, en þau eru öll bundin fyrstu tveim boðorðunum, og til þess finnast engin dæmi nema hjá Israelsþjóðinni einni.

Lagasafn Hammurabi, eins og Sólon's eða hinar tólf lög-málstöflur Rómaborgar eru borgaralegs eðlis; lög Mósesar eru trúarbragðaleg.

Hið sama má segja um hina trúarlegu siði og seremoníur. Hin forna hugmynd manna, að drottinn sjálfur hafi fyrirskrifað Mósesi allar regluðjördir og réttarfar viðvíkjandi fórnfæringum, musterisveizlum o. fl., og ekkert þessa hafi verið til fyrir Mósesar daga, er með öllu kollvarpað. Alveg sömu siðirnir fylgja trúarfari Babýloníumanna. En þar er sá skilsmunur, að hversu langt sem Babýloníumenn komast í siðmenningaráttina, þá varð þjóðin aldrei fyllilega snortin af hugsjón þeirri, sem fólst í öll-

um þessum seremoníum, er síðar kom svo skírt fram hjá Israels mönnum, þeirri nefnilega að allar þessar ytri athafnir væri að eins meðalið, með hverjum hægt væri að öðlast persónulega fullkonnun og helgun frammi fyrir guði. Hjá hinum virtist sem þær væri bæði tilgangurinn og meðalið.

Alveg sömu niðurstöðu kemst maður að við samanburð sálma og bæna þessara beggja þjóða. Iðrunarsálmar Babýloníu og Israels eru í svo mörgu nákvæmlega eins, að undrum sætir. En mitt innan um syndajátningar og andarkröm Babýloníusálmanna, gægjast fram andlausar og fáfengilegar innbyrlanir um afstöðu og samband manna við guðina. Í einu orði, sálmar þessar eru að eins andvörp þjóðar, sem í eðli sínu er trúhueigð, án þess þar í felist nokkur æðri trúar-síðferðis hugsjón, sem einkennir svo ótal mörg hebresk ljóð.

Menn hafa einnig orðið varir þess, að þrátt fyrir gudsafjöldann í trú Babýloníumanna, hafi verið sterk tilhneiging í eingyðisátt, með því að einn guðinn varð alríkisgud þjóðarinnar.—Einnig meðal heimspekinga var þessi eingyðisstefna mjög sterk. Það hlaut að hafa viss áhrif á framþroskun Israelstrúarinnar, en þó er ekki hægt að segja, að trú Israels eigi upptök sín í þessari hreyfingu í Babýlon. Því meðal Israels er trúin á einingu guddómsins alþjóðarleg, en meðal Babýlóninga stéttarleg, innan leynilegra félaga.

Alt bendir þetta því til, að sagnirnar margar eigi sömu upptök hjá báðum þjóðunum, en andann og tilganginn, sem í sögnunum er fólgin, á hver þjóðin út af fyrir sig. Trúarbrögð Babýloníumanna vaxa aldrei upp yfir það, að vera náttúrudyrkun. Israel notar sömu sögurnar, en fyllir þær nýrri merkingu, nýjum andlegum sannindum, er ekki finnast hjá þeim fyrtöldu. Í þeim skilningi mætti því segja, að gamla testamentið væri opinberun guðs.“

(Lausleg þýðing úr Lit. Digest)

*


*

*

Grein þessi, þótt ekki sé lengri, er afar merkileg sem sýnishorn þess, hvaða niðurstöðu guðfræðingar kristnir í Evrópu eru komnir að viðvíkjandi G. t.— Dr. Sellin er hvorki vantrúarmaður, né er honum brugðið um vantrú en eftir margra ára

rannsókn í austurlandaforfræði kemst hann að þessari niðurstöðu, að einu yfirburðir G. t. yfir önnur semitisk rit sé að eins þeir, að að hjá höfundunum hafi guðsmeðvitundin verið hreinni og dýpri en hjá samtíðarmönnum þeirra. Sögur Mósesbókanna um sköpun, flóð, forfeðratölu o. fl., álitur hann sameign allra Semíta. Þessi niðurstaða hans er ekki nein nýng. En hann er álitinn einn af íhaldssömustu guðfræðingum Austurríkis, og er því í þeim skilningi nýng að heyra aðra eins sannleiksjátningu af vörum orþodox manns. En hann er orþodox. Og þessi skoðun hans er orþodox. Sem næst öll prótestantiska kyrkjan í Evrópu samsinnir þessu með honum.

Hvaða skoðun skyldi það þá vera, sem nokkrir menn eru að halda uppi hér vestra og telja fólki trú um að sé hin eina kristilega trú, nefnilega að fordæma alla sögulega rannsókn á biblíuheimildum og „fjandskapast í nafni guðs móti allri þekkingu“?



Þrándur.

Saga eftir

Björnstjerne Björnson.

Álfur hét maður. Hann var virtur vel af sveitungum sínum, því hann var þeim flestum fremri að framsýni og dugnaði. En er hann var um þrítugt flutti hann til fjalls og ruddi sér land tvær mílur frá bygðum. Margan undraði á því, að hann skyldi una einvistum til lengdar, en þó varð mönnum tíðræddara um það, að nokkrum árum seinna tók ung stúlka úr dalnum saman við hann, og það einmitt sú, er verið hafði sú gjálífasta í öllum þeirra dönzum og samkvæmum.

Þau voru nefnd „Skógafólkið“, og hann var aldrei annað nefndur en „Álfur í Skógum“. Fólk glápti á hann ætíð, þegar hann sást við kyrkju eða vinnu sína, því það skildi hann ekki,

og hann fékkst heldur ekki um að gjöra sig því skiljanlegan.— Konan hafði að eins komið tvisvar til bygða, og það í öðru skifti til þess, að fá barni haldið undir skírn.

Barn þetta var sonur þeirra, er nefndur var Þrándur. Þá er hann eltist ráðfærðu þau sig oftast um að þau yrði að taka sér vinnuhjálp, en með því að efnin leyfðu ekki að ráða fullorðna manneskju, þá tóku þau sér „létting“, eins og komist var að orði, þau vistuðu fjórtán ára stúlku, sem var heima með drengnum, þegar foreldrar hans voru úti.

Hún var ekki laus við að vera heimsk, og brátt tók drengurinn eftir því, að það, sem móðir hans sagði við hann, var auðskilið, en það, sem Ragnhildur sagði, var torskilið. Við föður sinn talaði hann ekki til muna, og hann hálf óttaðist hann; því alt varð að vera svo hljótt, þegar hann var heima.

Svo var það eitt jólakvöld,— tvö ljós loguðu á borðinu og faðir drengsins var að smá súpa á hvítri flösku. Hann tekur drenginn í fang sér, horfir hvast í augu honum og segir: „Hú, strákur!“ Svo bætir hann við í mýkri róm: „Þú ert þá ekki svo mjög hræddur; þorirðu að hlusta á æfintýri?“ Drengurinn svaraði engu, en einblíndi á föður sinn. Þá sagði hann honum frá manningnum frá Vogu, sem hét Blessommen. Hann var í Kaupmannahöfn, þessi maður, til að leita konungsúrskurðar á máli, er hann var viðriðinn. En það tafðist unzt komið var jólakvöld. Blessomen þótti nú vandast um fyrir sér, og er hann reikaði um göturnar og óskaði sér heim, sá hann hvar karl einn fór á undan sér í hvítri úlpu. „Þú ferð býsna geyst,“ sagði Blessommen. „Eg á langt heim í kveld,“ svaraði maðurinn. „Og hvert skal halda?“— „Til Voga,“ svaraði maðurinn og hélt áfram.— „Það var reglulega ágætt,“ sagði Blessommen, „því þangað ætti eg einnig að halda.“— „Þú getur þá staðið aftast á meiðunum hjá mér,“ svarar maðurinn og beygir af leið inn á þverstíg, þar sem hesturinn hans stóð. Hann settist upp í og leit svo aftur til Blessommens, um leið og hann steig á meiðana. „Þú verður að halda þér vel“, segir hann. Blessommen gjörði það, en átti fullervitt með, því ekki var alstaðar traust land undir fótum. — „Eg held þú akir á sjónum,“ sagði Blessommen.— „Það gjöri

eg“, segir maðurinn, og kófið stóð umhverfis þá. Nokkru síðar virtist Blessommen þeir ekki lengur fara á vatninu. „Eg held nú sé farið í loftinu,“ segir hann.—„Já, víst er um það,“ svarar maðurinn. En er þeir höfðu haldið áfram enn um hríð, virtist Blessommen hann bera kensl á bygdina, er þeir fóru eftir.—„Eg held þetta sé Vogur,“ segir hann. — „Já, nú erum við komnir heim“ svarar maðurinn, og Blessommen þótti þeir hafa farið all geyst yfir. „Þú átt góðar þakkir skildar fyrir flutninginn“ segir hann.—„Sjálfþakkað!“ segir maðurinn og bætir því við um leið og hann slær í hestinn: „Það er nú ekki vert fyrir þig, að vera að líta um hönd eftir mér!“— „Nei, nei,“ hugsaði Blessommen og skundaði heimleiðis upp hlíðarnar. En í því kveður við voða brestur og brothljóð að baki honum, eins og fjallið ætlaði um koll að keyra, og birtu lýstur um land alt. Hann leit um öxl, og sér þá manninn í hvítu úlpunni aka í gegnum brakandi bál inn í opinn bergvegginn, er laukst upp fyrir honum eins og hlið. Blessommen varð hálf hverft við föruneysi það, er hann hafði haft, og ætlaði að snúa höfðinu fram aftur. En eins og hann hafði snúið því, eins snéri það, og eftir það bar Blessommen aldrei óhállt höfuð.

Ekkert þessu líkt hafði drengurinn heyrt fyr á æfi sinni. Hann þorði ekki að spyrja föður sinn nokkurs meira, en árla næsta morguns spurði hann móður sína, hvert ekki kynni hún æfintýri. Hún kunnir nokkur, en þau voru flest um kongsdætur er sátu fjötraðar í sjö ár, unz rétti kongssonurinn kom.

Drengurinn hélt, að alt þetta, sem hann heyrði sagt frá eða las um, væri rétt í kringum sig.

Hann var víst átta ára, þegar fyrsta gestinn bar þar eitt vetrarkvöld að dyrum. Hann var svarthærður, og það hafði Þrándur aldrei fyr séð. Hann var kveðjufár, „gott kvöld“ sagði hann að eins í því hann gekk inn. Þrándur varð hræddur og settist á skemil hjá hlóðarsteininum. Móðir hans bauð komumanni innar til sætis, og þáði hann það, og gat hún þá athugað hann betur. „Það er þó aldrei hann Fiðlu-Knútur?“ sagði hún. „Jú, víst er svo. En nú er orðið langt síðan eg spilaði í veizlunni þinni.“— „Ójá, það er nú orðin stund síðan. Ætlar þú

langt að halda?“— „Eg spilaði um jólin hinumegin fjallsins, en á leiðinni yfir umgreip mig einhver vesöld, svo að eg varð að koma hér við og hvíla mig.“

Húsfreyja bar honum mat, hann færði sig að borðinu, en ekki sagði hann „í Jesú nafni“, eins og drengurinn hafði ætíð vanist. Þegar hann hafði matast reis hann á fætur: „Nú er eg vel á mig kominn,“ sagði hann, „mætti eg nú hvíla mig stundar korn.“ Honum var vísað til sængur í rúmi Þrándar.

Um Þránd var búið á gólfinu. En þarna sem hann lá varð honum svekkkalt á þeirri hlið, er frá vissi eldinum, en það var vinstri hliðin. Það var af því hún lá ber úti í næturfrostinu, að honum fanst, því hann lá auðvitað lengst út í skógi. En hvernig hafði hann komist þangað? Hann reis upp og skygndist um, og lengst á burtu logaði eldurinn. Sannarlega lá hann aleinn úti í skóginum. Hann langaði heim að eldinum, en gat ekki hreift sig. Þá varð hann ákaslega hræddur, því óarga dýr voru í skóginum, og svo gátu komið tröll og draugar. Heim að eldinum varð hann að komast, en gat þó ekki hreift sig úr stað. Hræðslan óx á ný, hann reyndi með öllum kröftum og gat loksins hrópað „mamma!“—og vaknaði svo. „Elsku barnið mitt, þig dreymir illa“, sagði hún, og tók hann upp.

Það fór hrollur um hann, og hann skimaði í kringum sig. Aðkomumaðurinn var horfinn, en hann þorði ekki að spyrja eftir honum.

Móðir hans kom inn í svarta kjólnum, og gekk niður til bygða. Tveir ókunnugir menn komu með henni til baka, er einnig voru með svart hár og kollhettur. Þeir sögðu ekki heldur „í Jesú nafni“, þegar þeir mötudust, en þeir töluðu eitthvað í hálfum hljóðum við föður hans. Síðan gengu þeir allir inn í skemmu, og komu út aftur með stóra kistu, sem þeir báru milli sín. Þeir lögðu hana á kjálka og kvöddu. „Bíðið þið svolítið við, takið kistilinn líka, sem hann var með“, sagði húsmóðirin, og hún fór inn eftir honum. En annar maðurinn sagði: „Þessi má eiga hann“, og benti á Þránd. Hinn bætti við: „Og notaðu hann þá eins vel og sá, sem nú liggur hérna,“ og hann benti á stóru kistuna um leið. Þá hlógu þeir báðir við, og fóru af stað.

Prándur horfði á kistilinn, sem hann hafði eignast þannig. „Hvað er í honum?“ spurði hann.— „Farðu með hann inn og skoðaðu í hann“, sagði móðir hans. Hann gjörði það, og hún hjálpaði honum til að ljúka kistlinum upp. Gleðin skein nú út úr ásýnd hans, því hann sá eitthvað svo léttilegt og snoturt þar niðri á botninum. „Taktu það!“ sagði móðir hans. Hann drap að eins við því fingri, en kipti honum óttasleginn strax að sér aftur. „Það grætur!“ sagði hann.— „Hertu upp hugann,“ sagði móðir hans. Hann þreif utan um það með allri hendinni og tók það upp. Hann hampaði því og snéri, hlóg og hrærði við því. „Ó, elsku mamma, hvað er þetta?“ spurði hann, það var létt eins og skel. „Það er fiðla.“

Þannig atvikaðist það, að Prándur Álfsson eignaðist fyrsta fíólnið.—

Faðir hans gat ofurlítið spilað, og hann kendi drengnum fyrsta handaburðinn, móðir hans kunni nokkur danslög frá þeim tíma hún dansaði, þau lærði hann, en bjó sér brátt til önnur ný. Hann spilaði nú öllum stundum, hann vildi ekkert lesa, hann spilaði, svo faðir hans sagði eitt sinn við hann, að hann stórskammaðist sín fyrir hann. Alt, sem drengurinn hafði heyrt eða lesið fram að þeim tíma, fór í fiðluna. Fíni, mjúki strengurinn var móðir hans, þann næsta, sem altaf var með henni, nefndi hann Ragnhildi. Grófari strengurinn, sem hann sjaldnar snerti við, var faðir hans, en aftasta, djúpróma og alvörugefna strengnum, af honum hafði hann hálfgjörðan beig, og honum gaf hann ekkert nafn. Skakt fingurtak á mjóstrengnum kallaði hann kisu, en kæmi hið sama fyrir á strengnum hans föður hans, þá kallaði hann það bola. Fiðluboginn var Blessommen, sem ekið var frá Kaupmannahöfn til Voga á einni nóttu. Þannig var og hvert lag einhver sérstakur hlutur. Lögin með löngu og alvarlegu tónunum voru móðir hans í svarta kjólnum, en þau, sem hrundu og hoppuðu, voru Móses, sem stamaði og klappaði á klettinn með stafnum. En öll hin hljóðari og mýkri, þegar boginn að eins snerti strengina, voru huldumeyjarnar, sem ráku féraðinn út í þokuna, þegar enginn sá til.

En lögin báru hugann út yfir fjöllin, og hann fylltist af þrá.

Dag einn sagði faðir hans frá smásvein nokkrum, er spilað hafði á markaðinum og fengið heilmikla peninga fyrir, beið hann þá móður sinnar í eldhúsinu og spurði hana hljóðlega, hvort ekki mætti hann líka fara til markaðsins og spila fyrir fólk. „Hvernig getur þér dottið slíkt til hugar?“ sagði móðir hans, en minntist þó strax á það við föður hans. „Hann kemst nógu snemma að heiman“, sagði hann, og hann sagði það þannig, að hún bað hann ekki frekar.

Skömmu seinna voru foreldrar Þrándar að tala undir borðum um nýbyggjarafólk, er fyrir skömmu hefði flutt sig upp á fjöllin og ætlaði að gifta sig. Faðir hans sagði að þau hefðu engan til að spila í brúðkaupinu. „Gæti eg ekki verið spilarinn?“ hvíslaði drengurinn seinna, þegar móðir hans var komin fram í eldhús. „Þú, sem ert svo lítill“, sagði hún; en svo gekk hún út í skemmu til föður hans og færði þetta í tal. „Hann hefir aldrei komið ofan í bygð“, bætti hún við, „og hann hefir aldrei séð kyrkju.“— „Eg trúi ekki að þér sé alvara með þetta“, sagði Álfur, en hann sagði heldur ekki meira, og þýddi hún það sem fengið leyfi til fararinnar. Hún fór þvínæst yfir til nýbýlinganna og bauð drenginn fram. „Það getur enginn smádrengur spilað til líka við hann“, sagði hún og— hann fékk fararleyfið.

En nú glaðnaði yfir heimilinu. Frá morgni til kvölds sat hann við að spila og æfa sig á nýjum lögum. Á næturnar dreymdi hann um þau, þau fluttu hann yfir firnindi og fjöll út í ókunn lönd, eins og sviði hann á vængjuðum skýföldum. Móðir hans sat við að sauma ný föt, en faðir hans hafðist lítt við inni.

Síðustu nóttina svaf hann alls ekkert, en var að hugsa út nýtt lag um kyrkjuna, sem hann hafði aldrei séð. Hann var uppi snemma um morguninn og móðir hans líka til þess að bera honum mat, en hann gat einkis neytt. Hann fór í nýju fötin, tók fiðluna sér í hönd, og var þá sem honum birti fyrir augum. Móðir hans fylgdi honum út á steinstéttina, og horfði á eftir honum, meðan hann gekk upp hlíðarnar. Það var í fyrsta sinn sem hann fór að heiman.

Faðir hans fór hljóðlega fram úr rúminu og gekk að glugganum. Þar stóð hann og horfði á eftir honum líka, unz hann

heyrði konu sína hreifa sig úti á steinstéttinni, fór hann þá aftur upp í, og lág kyr þegar hún kom inn.

Hún stjálklaði í kringum rúmið, eins og hún byggi yfir einhverju, er henni lægi ríkt í huga. Loksins kom það. „Eg held eg ætti að fara yfir til kyrkjunnar til þess að sjá, hvernig fer.“ Hann svaraði því engu, tók hún það þá sem afráðið, bjó sig og fór.

Það var glóheður sólskinsdagur, þegar drengurinn fór yfir til brúðkaupsins; hann heyrði fuglana kvaka og sá sólina glitra í skógarlaufinu, en hann hraðaði göngunni með fíðluna undir hendinni. Og þegar hann kom heim til brúðhjónanna, sá hann ekkert annað, en hana var búinn að gjöra sér hugmynd um áður, hvorki brúðarskartíð né fjölmennið. Hann spurði að eins, hvort ekki yrði farið fljótt af stað, og var því játað. Hann fór í fararbroddi með fíðluna og lék á hana allan morguninn út, svo að undir tók í skóginum. „Sjáum við ekki kyrkjuna bráðum?“ kallaði hann aftur fyrir sig, og lengi var svarað nei, en loksins sagði einhver: „Þegar við komumst fyrir bergsnösina þarna, þá sérðu hana.“ Hann byrjaði nú á nýjasta laginu sínu á fíðlunni, boginn dansaði yfir fíðlustrengina, og hann starði beint fram undan sér. Og bygðin blasti við fyrir framan hann.

Hið fyrsta, sem auganu mætti, var léttur þokuslæðingur, sem hvíldi eins og reykur yfir fjallshlíðinni hinumegin. Neðar blöstu við grænar engjar og há hús, og var sem gluggarnir loguðu, þeir glitruðu eins og hájökklar í sólskini á vetrardag. Húsin urðu altaf stærri og stærri og gluggarnir fleiri, og svo til annarar handar var aragrúi af rauðum húsum. Fyrir neðan þau stóðu hestar bundnir; skrautbúin smábörn voru að leikjum framan í brekku, hundar sátu hjá og horfðu á. En út yfir alla bygðina barst langur og sterkur hljómur, sem gekk í gegnum hann, og honum fanst alt, sem fyrir augu bar, bærast eftir raddfallinu. Og þá sá hann alt í einu mikið og háreist hús, er teygði háa og hvíta stöng langt upp í loftið. Og neðar blikuðu óteljandi gluggar í sólinni, svo húsið sýndist standa í björtu báli. Þetta hlýtur að vera kyrkjan, hugsaði hann, og þaðan berst sjálfsagt þessi hljómur! Umhverfis stóð múgur og margmenni, og allir voru

þeir hver öðrum líkir! Hann setti þá strax í samband við kyrkjuna, og varð því snortinn af ótta og lotningu jafnvel fyrir hverju smábarni. Nú verð eg að spila, hugsaði Þrándur og tók til óspiltra málanna. En hvað er þetta? Fiðlan steinþagði. Það hlýtur að vera eitthvað að strengjunum. Hann skoðaði þá, en það var ekki. „Þá er það af því eg er ekki nógu þunghentur“, og hann þrýsti boganum fastar að strengjunum, en það var sem fiðlan væri sprungin. Hann breytti um lög, reyndi annað í stað þess, er tákna átti kyrkjuna, en alt fór á einn veg, ekkert hljóð, að eins tómt ýlfur og veiu. Hann fann kaldan svitann streyma niður andlitið á sér. Honum varð hugsað til mannfjöldans, sem stóð þarna og ef til vill gjörði gys að honum, honum, sem gat þó spilað svo vel heima hjá sér, en hér náði ekki hljóði úr streng! „Guði sé lof, að mamma er hér ekki til að sjá hvílíka skömm eg gjöri mér,“ sagði hann lágt við sjálfan sig í því hann hvarf spilandi inn í mannþröngina, — en hvað var þetta, hún var þá þarna í svarta kjólnum, og hún hörfaði altaf lengra og lengra til baka. Og í sama bili sá hann svarthærða manninn, er gaf honum fiðluna, sitja hæst uppi á stönginni. „Fáðu mér hana aftur“, kallaði hann, rétti fram hendurnar og hló, en stöngin sveigðist upp og niður með hann, upp og niður. En drengurinn stakk fiðlunni undir hendina. „Þú færð hana ekki!“ hrópaði hann, vatt sér við, tók á rás, út úr mannþrönginni, út millum húsanna, út yfir akur og eng, unz hann komst ekki lengra og hneig niður.

Þar lá hann lengi á grúfu, og þegar hann loks snéri sér við, heyrði hann ekkert né sá nema hinn takmarkalaus heiðhiminn drottins, sem hvelfdist yfir hann, og loftsins þagnarlausu þyt. Það fylti hann þvílíkri skelfingu, að hann mátti til með að velta sér aftur á grúfu. Þegar hann leit upp aftur, sá hann hvar fiðlan lá ein síns liðs. „Þetta er alt saman þér að kenna!“ hrópaði drengurinn og þreif fiðluna á loft og ætlaði að mölva hana, en stansaði og glápti á hana. „Marga ánægjulega stund höfum við átt saman,“ sagði hann við sjálfan sig og þagði. En litlu síðar sagði hann: „Strengina verð eg að eyðileggja, því þeir eru ónýtir.“ Og hann tók upp hníf og skar. „Á!“ sagði kvintinn snögt og sárt. Hann skar. „Á!“ sagði næsti strengurinn, en drengur-

inn hélt áfram að skera. „A-a!“ sagði sá þriðji þunglamalega — og hann var kominn að þeim fjórða. Þá varð hann hryggur í huga, fjórða strenginn, þann, sem hann hafði aldrei þorað að nefna eftir neinum, hann skar hann ekki. Nú var líka sem honum fundist, að það hefði ekki verið strengjunum að kenna, að hann gat ekki spilað. Þá kom móðir hans í hægðum sínum upp eftir til hans, til þess að fara heim með hann. En þá varð hann enn þá hræddari, hann hélt á fíðlunni með sundurskorna strengina, reis á fætur og hrópaði á móti henni: „Nei, mamma! heim aftur vil eg ekki fara, fyr en eg get spilað alt, sem eg hefi séð í dag.“



Nýjar bækur.

„PYRNAR“: Þorsteinn Erlingsson. Önnur prentun aukin. 8vo. 244 bls. Reykjavík. 1905. Prentsmiðjan Gutenberg.

Hina fyrri útgáfu „Pyrna“ þekkja allir. Síðari útgáfunni ætti allir að kynna, þeirri er út kom árið sem leið.

Þorstein þekkja allir, og eins þeir, er aldrei hafa séð hann. —og eins þeir, er óska að hann hefði aldrei kveðið eitt einasta stef. Fæstir af oss hafa orðið þeirrar ánægju aðnjótandi, að fá að sjá hann, eins þeir, er alið hafa hina sömu þrá og Heródes gamli forðum, og þeir, er stelast hefði viljað til hans á næturþeli. En svo eiga menn einatt ervitt með að sjá þann, sem býr í því ljósi, er enginn hefir til komist aldanna sona, og gengur þó enn ver að skilja hann.

Þessi útgáfa „Pyrna“ er allmikil bók. Í henni eru 85 kvæði, og af þeirri tölu er fjórði hlutinn nýr.

En ágæti „Pyrna“ væri lítið, ef ekkert væri nema versa-fjöldinn. Í því eina atriði komast þeir ekki til hálfvís við mærdina vestrænu, því hér er meira af vessum en holdi og blóði,

beinum og merg. Ekki svo mjög í því, sem menn kveða, eins og í því, sem þeir hugsa og lifa.

Í fyrra skifti, er Þyrnar komu út, þóttu þeir guðleysis rit, nú við aðra útgáfu að eins mergjað ádeilurit. Mikil eru þau sinnaskifti, er menn hafa tekið síðan. Já, mikil, og þökk sé hróþandans rödd— og þökk sé skáldinu góða.

Innihald „Þyrna“ er ekki mjög margbrotið. Það er eiginlega ein hugsjón, sem öll aðal kvæðin snúast um. Og hugsjónin er *Réttlæti*. Með þeirri einu hugsjón sem mælikvarða, eru svo hinar ýmsu stofnanir, hættir og venjur manna mældar. Og sem einkenni réttlætisins, er skáldið leitar að í lifi og högum manna— og jafnvel guðs á himnum, eins og menn hugsa sér hann—, er kærleikur, friður og fögnuður, frelsi og lífsgleði,— fögnuður yfir þeim mikla feng að vera lifandi maður með ást, þrá, tilfinningu og hita í hjarta. Og aðra eins vörn réttlætisins og kröfu til þess, og „Þyrnar“ eru, hefir ef til vill enginn annar dírft að kveða til þessa dags.

En öll leit skáldsins að frelsinu, kærleikanum og réttlætis-tilfinningunni í mannheiminum er þyrnivegur. Það er hvergi til. Aumingja vesalings mennirnir, þeir eiga enga tilfinningu nema áhyggjuna fyrir því, hverju þeir skuli klæðast, hvað þeir skuli eta eða drekka, og endrum og eins að þeir fá sára tilkenningu eins og Ambáles, þar sem vöndurinn hefir sárast sorfið. Mannkynið alt er eins og þjóflettur þræll, holrifin hind eða músétinn sauður. En þó er sál til, og æðri hugsjóna þrá ýmist sofandi eða vakin til hálf, er hafið gæti almenning upp úr þessari niðurlægingu, ef ekki reyrði eins að viðjar vanans og hlekkir harðstjórans.

En hví eru menn í böndum— og hver er harðstjórinn? — Kyrkjan og keisarinn— kyrkjudómurinn og keisaradómurinn. Skáldið snýr sér því aðallega að kyrkjunni. Hún hefir verið valdmeiri og áhrifameiri en keisaradómurinn. Af henni krefst hann réttarins, er hún hefir haldið fyrir þjóðunum. Að henni beitir hann öllum sínum örbeittustu skeytum í kvæðunum „Örlög guðanna“, „Örbyrgð og auður“, „Ljónið gamla“, „Bókin mín“, „Bæn Faríseans“, „Á spítalanum“ o. fl., en til þeirra

beggja til samans öðrum eins kvæðum og „Vestmenn“, „Braut-in“ o. sv. frv.

Flest eru þó kvæðin kveðin til manna sjálfra, að þeir hefjist handa, og til þess að vekja hjá þeim þau tilfinningabrot, er enn kunna að hjara, fyrir réttlæti, fegurð, frelsi og kærleika. „Myndin“, „Ef æskan vill rétta þér örvandi hönd“, „Skilmálarnir“, „Arfurinn“, „Þín heift væri betri“, „Í landsýn“ eru sannarleg lögeggjan, og áhrifadrjúgari en allt það til samans, er skrifað hefir verið á síðasta áratugnum, þótt ekki sé allir ávextirnir enn þá taldir.

Þá eru náttúrukvæðin, fall af yl og vorblíðu angan. Í sólheimum og jarðheimum með „þröstum“, „lóum“, „hindum og álfum“ finnur hann þrótt og hressingu eftir þreifð og hrotturnar og „eggjadyrdina“ í mannheimum. — Í Mainfljóti skolar hann af sér „skít úr Vesturheimi“.

Ættjarðarkvæðin eru mörg, og fyrir þau verður „landið helga“ ógleymanlegra eftir en áður.

Enn þá nokkur orð um meðferð efnisins. Það er harðstjórnin, sem hann hefir sett sér fyrir að vinna á.

„Og hætt er við að harðstjórn þar á hníflum kenni.

Skapið það sem innst er inni

erfði hann frá móður sinni.“

Og hann sparar hvorki „hnífla“ né háð, alvöru eða eggjunarorð. Öllu því réttarfari og skikki, sem hræsnin og heimskan og manndómsleysið hefir sett, sýnir hann hjartalausa fyrirlitningu. Hann fer stundum ófögnum orðum um „líkama vorrar lægingar“ eins og til dæmis í kvæðinu „Eden“. „Hér er enginn munur á grískum manni og Gyðingi, á umskornum og óumskornum, útlendingi, Skýta, þræli eður frjálsum“, — þrátt fyrir það síðalögmál svonefnt, sem hin gamla kyrkja hefir klappað saman, þá fljúgast á fjörgamlir heiðursmenn „um forboðnu eplin á hujánum“, og langt frá, að þeir hlýði boðorðinu: „Þú skalt ekki snerta, ekki smakka, ekki taka á.“

Enda vill höfundurinn sópa í burtu öllum fornaldar maura-vefnum, og taka öll ráð af þeim, sem berja þræla sína, hvort þeir höfðingjar eru á himni eða jörðu, öllum þeirra setningum

og boðum, öllum þeim ótta og þrælsótta, sem þeim hefir verið svarinn. Herópið er „sannleiki og friður“. Og þegar því takmarki er náð,

„Þá verður himininn heiður og skær,
því hann er þá kominn til valda,
sem engan vill neyða, sem öllum er kær,
sem elskar hvert hjarta, sem lifandi skær
og þarf ekki á helvíti að halda.“

og þá: „hver maður þorir að þekkja sinn skjöld,
og þarf ekki að krjúpa við gull eða völd.“

og „Þá verða ekki smælingjum veðrin svo hörð
og vistin svo nöpur á fjöllum,
því skjól hefir fundið hin húslausa hjörð,
og hún er þá blífari, móðir vor jörð,
og blessuð af börnunum öllum.“

En að því takmarki hugsar hann sér að starfa.

„Og þó að eg komist ei hálfra leið heim,
og hvað sem á veginum bíður,
þá held eg nú samt á hinn hrjóstruga geim
og heilsa með fögnuði vagninum þeim,
sem eitthvað í áttina líður.“

Eg trúi því, sannleiki, að sigurinn þinn
að síðustu vegina jafni;
og þér vinn eg, konungur, það sem eg vinn,
og því stíg eg hiklaus og vonglaður inn
í frelsandi framtíðar nafni.“

Þorsteinn á í ýmsu sammerkt við Englendinginn Huxley. Þrátt fyrir hans miklu óbeit á kyrkjuríki og kúgunaranda er hann enginn sérlegur biblíuóvinur. Hann kann að meta fegurðina og skáldskapinn þar engu síður en annarstaðar, sé hann þar að fyrirhitta, sem ljósast sést af því, að nokkrar sínar fegurstu líkingar dregur hann þaðan.

Þessu til sönnunar mætti benda á vísuorð eins og þessi:

„Við lifum það kannske ekki landið að sjá,
því langt er þar eftir af vegi;
en heill sé þeim kappa sem heilsa því má,
og hvíla sín augu við tindana þá,
þótt það verði á deyjanda degi.“

.....
 „Því djarfmannlegt áráði er eldstólpi sá,
 sem eyðimörk harðstjórnar leiddi okkur frá,
 og guð sem mun gefa okkur landið.“

En hví að vera að orðlengja þetta. Það er ekki hægt að lýsa „Þyrnum“, menn verða að eignast þá og lesa. En það má um Þorstein segja, að hann kennir eins og sá, sem valdið hefir, en ekki eins og hinir skriftlærðu.

LJÓDMÆLI: S. B. Benediktsson. Winnipeg, 1905.
 Freyja Printing & Publishing Co. 127 bls.

Liðfundur ljóða þessara er þegar orðinn mörgum hér um sveitir nokkuð kunnur. Ljód hans hafa birzt við og við í ísl. blöðunum og enn nokkur, er hinsveginn hafa borist manni frá manni. Þau hafa fengið misjafnan dóm, eftir því sem álitni manna hefir verið varið, og lakast, þau hafa á stundum verið látin gjalda föður síns, ef menn hafa átt einhverja hönk við hann að toga, sem stundum hefir viljað til út úr ýmsum skodanamun og félagsstappi, er altaf fellst nóg til af á meðal vor. Sigfús er maður spottgjarn og óvæginn að upplagi, og því sem hann trúir ekki, trúir hann ekki, og lofar mönnum óspart að heyra það. En það er hreinskilni, sem fáir meta, og því á hann stundum í erjum og því eru öll hans verk og athafnir oft óbilgjarnt dæmd.

Þegar ljód þessi komu út í haust, varð tíðrætt um þau manna á meðal, og svo komu nokkrir dómar um þau í vikublöðunum. En engir þeirra, að oss virðist, sanngjarnir. Þau voru ýmist oflofuð eða oflöstuð.

Í bókinni eru tít ljód, og er því ekki rúm til að ræða hvert þeirra út af fyrir sig. Mörg þeirra eru vel samín, þó kannske ekki braglýtalaus sum, eins og höf. sjálfur kannast við í formála bókarinnar. Aftur eru allmörg, er vér kunnum ekki við, bæði sökum efnis og kveðanda, en það er ekki höfundarins skuld. Hann segir að fyrir sér vaki, að segja það hátt, sem hann hugsi lágt, og hann hefir gjört það. Hvað eru þeir margir, er þyrðu að gjöra slíkt hið sama? Í því atriði hefir Sigfús sýnt óvestur-íslenzkan dug, og hafi hann þökk fyrir það, þótt vér séum alls ekki samþykkir honum í því, sem hann hefir hugsað.

Kvæðasafninu má deila í tvo fjarskylda flokka. Til fyrra flokksins teljast öll þau kvæði, sem skáldið kveður, þegar hann gleymir sjálfum sér og því þjóðlífi, sem hann lifir við. Í þeim kvæðum koma fram fagarar vonir, vináttuþel til allra manna, viðkvæmar tilfinningar og þrá eftir fegurð, fullkornun og réttvísi. Þar talar innræti mannsins sjálfs. Til þessa flokks mætti telja kvæðin „Morgun“, „Vetrarlok“, „Sumarkoma“, „Lýðhvöt“, „Til sönggyðjunnar“, „Sólsetur“, „Lífsins skuggar“, „Haustkvöld“, „Þrá“ o. s. frv. Frá engum þessara kvæða er þó eins fallega gengið og ákjósanlegt væri. Þau virðast nokkuð fljót-hugsuð, fljótsmíðuð og fágúnarlítil. Hefði hugsun sú, sem í þeim felst, eignast fagran búning, hefði hún gengið hverjum manni að hjarta.

En þá er hinn flokkurinn. Þann flokk kvæðanna hafa þeir eingöngu lesið, er ekkert gott gátu um þau sagt, nema að í þeim væri prentvillur. Það er þó næsta kynlegt. Að vorri skoðun er sá flokkurinn til orðinn fyrir áhrif og uppeldi, er *þjóðarandinn* íslenzki hér vestra hefir höfundinum veitt. Höf. ósjálfrátt er hér að eins tungan, er *sá andi* talar með. Þar er hann barn sinnar samtíðar. Þess vegna er kvæðasafninu ef til vill svo illa tekið. Þjóðfélagið er að þússa sig upp sem „respectabelt“,—reyna að gleyma því sem það hefir tilsáð með andleysi, hræsi, alvöruleysi og „prinsips“-leysi. Svo, eins og Peer Gynt, þegar því er færður króinn með afhendingar ummælunum „Vesle-fanden vil du til faer din?“ þá svarar það með hofmóði undan purpuralfninu, „Faer? Er du drukken? Kalder du ham—? Ekki mikið!— „komin er önnur til við mig, ástin mín er söm við sig, svona er hún við allá.“ Finnur er ekki lengur finnur, heldur guðfinnur, o. s. frv.— En samt og, en samt. „Du kan vel kende grisen paa skindet. Har du öjne? Kan du ikke se, han er lam paa skanken, som du er lam paa sindet?“— Og það er Sigfúsi niðrunarlaust. La Bruyére franski segir í formála fyrir einu riti sínu: „Og nú skila eg almenningi aftur því, sem almenningur hefir léð mér. Frá honum hefi eg eingöngu þegið efni þessarar bókar. Og nú má hann í hjáverkum yfirvega uppdráttinn.“